

REGLUGERÐ

101

18. ágúst

um fasteignaskatt í Akureyrarkaupstað, samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937.

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af:

- a. Öllum húsum og mannvirkjum, svo sem bryggjum, olúgeymum, geymsluportum o. þ. h.
- b. Öllum byggingarlóðum samkv. skipulagsupprætti, byggðum og óbyggðum, með tilheyrandi girðingum, svo og geymsluplássum og upplagsplássum. Skipulagðar byggingarlóðir á erfðafestulöndum bæjarins verða þó ekki gjaldskyldar, fyrr en þær eru leigðar til bygginga.

Undanþegnar þessum skatti eru fasteignir bæjar og ríkis og aðrar fasteignir, ætlaðar til opinberra- eða almenningsþarfa, samkv. 4. gr. laga nr. 69 31. des. 1937.

2. gr.

Fasteignaskatturinn reiknast þannig:

- a. Af fasteignum þeim, sem í 1. gr., a-lið getur, 0,5%.
- b. Af fasteignum þeim, sem í 1. gr., b-lið getur, 1,5%.

3. gr.

Skattinn skal telja af heilum hundruðum króna fasteignamatsverðs, en brotum af hundruðum sleppt.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert. Árið 1938 er gjalddaginn þó 1. september. — Sé skatturinn eigi greiddur innan tveggja mánaða frá gjalddaga, falla á hann sömu dráttarvextir og greiddir eru af útsvörum.

5. gr.

Skattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. Skattinn, ásamt dráttarvöxum, má taka lög-taki.

6. gr.

Með reglugerð þessari er niður fallið lóðargjald, sótaragjald og öskuskattur samkv. eldri lögum og reglugerðum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1942.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.